

Reykjavík, 27. október 2021  
SFS2020090365  
218. fundur  
HG/ss

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgerðaráætlun til að fækka sjálfsvígum***

Á fundi borgarráðs 24. september 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn sem var vísað til skóla- og frístundaráðs:

*Í apríl 2018 kom út skýrsla með niðurstöðum starfshóps sem bar heitið Aðgerðaráætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi. Ári síðar kom út önnur skýrsla, Innleiðing geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi. Báðar fela í sér metnaðarfullar aðgerðir sem ýmist eru á ábyrgð ríkis, sveitarfélags eða samstarf beggja en sveitarfélögin fara m.a. með stjórnun leik- og grunnskóla, félagsþjónustu, sérfræðiþjónustu skóla. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hver staða aðgerðanna er, þeirra sem snúa að grunnskólum í Reykjavík. Spurt er:*

*Hver er almennt staðan á innleiðingu tillagna sem settar eru fram í skýrslunum?*

*1. Hver er staðan á innleiðingu þrepaskipts stuðnings í skólastarfi (multi-tiered systems of support) sem hluta af menntastefnu um skóla án aðgreiningar?*

*2. Hver er staða nýrrar Þekkingar- og þróunarmiðstöð áfalla-, ofbeldis- og sjálfsvígsforvarna?*

*3. Hver er staðan á tillögunni um að gera úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar?*

*Hver er staða á tillögunni um að þróa og innleiða markvissar aðgerðir til að draga úr brotthvarfi úr námi í ljósi þess að brýnt er að skólakerfið sé byggt upp með þeim hætti að markvisst sé unnið frá upphafi skólagöngu að því að hindra brotthvarf úr námi?*

**Svar:**

Hér eru hlekkir inn á skýrslurnar sem vísað er í í fyrirspurninni:

Aðgerðaráætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi:  
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=77110b10-4f85-11e8-942b-005056bc530c>

Innleiðing geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi:  
<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar->

[skrar/Starfsh%c3%b3pur%20um%20ge%c3%b0r%c3%a6kt%20%c3%ad%20sk%c3%b3lum-sk%c3%bdrsla.LOKA.pdf](https://www.helsedirektoratet.no/veiledere/ivaretakelse-av-etterlatte-ved-selvord/Erter%20selvordet%20%E2%80%93%20Veileder%20om%20ivaretakelse%20av%20etterlatte%20ved%20selvord.pdf/_attachment/inline/19d2ef7f-fd51-4f9b-83eb-a02d3b691a50:0ed69c301405f473659691591d3aa7cd2d3f0ab6/Erter%20selvordet%20%E2%80%93%20Veileder%20om%20ivaretakelse%20av%20etterlatte%20ved%20selvord.pdf)

Hér verður leitast við að svara fyrirspurnunum.

### **Hver er almennt staðan á innleiðingu tillagna sem settar eru fram í skýrslunum?**

Margar aðgerðir í þessum skýrslum eru á ábyrgð ríkisins, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis (MRN), félagsmálaráðuneytis (FRN), heilbrigðisráðuneytis (HRN) og Embættis landlæknis (EL). Þær aðgerðir sem sveitarfélögin bera ábyrgð á eru flestar háðar aðgerðum á vegum ríkisins. Skóla- og frístundasvið fagnar áformum um aukið samstarf um farsæld barna og mun styðja við aðgerðir ráðuneytanna við innleiðingu þessara skýrslna og framgang frumvarps til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Lýðheilsu- og forvarnarteymi SFS leitaði m.a. upplýsinga um stöðuna á innleiðingu þessara skýrslna hjá Embætti landlæknis. Samkvæmt þeim skilaði stýrihópur um geðrækt í skólum tillögum sínum til heilbrigðisráðherra haustið 2019 og voru þær kynntar fyrir ríkisstjórn og samþykktar 2020. Eins og svo margt fóru þær í biðstöðu á síðasta ári í öllu því sem gekk á en í ársbyrjun 2021 var stýrihópur settur á fót sem falið var að fylgja aðgerðaáætluninni eftir og koma henni í framkvæmd.

Varðandi aðgerðaráætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi er staðan á þeirri vinnu, skv. upplýsingum frá EL, sú að nokkrar aðgerðir hafa verið framkvæmdar/lokið og aðrar komnar mislangt á leið. Um þessar mundir er sérstök áhersla lögð á kafla 3., 4. og 5 í áætluninni og er það kafli 5. sem snýr sérstaklega að grunnskólum. Aðgerð (5.1) Að gefa út leiðbeiningar í samvinnu við aðstandendur þeirra sem hafa svipt sig lífi um vinnulag og samræmda verkferla til heilbrigðisstofnana, skóla, vinnustaða, félagsþjónustu og löggæslu um hvernig skuli mæta aðstandendum eftir sjálfsvíg. Við þessa vinnu nýtist (5.3) sem er lokið en það er að nota í grunninn norskar leiðbeiningar sem hafa verið þýddar og staðfærðar fyrir fagfólk og aðra sem mæta aðstandendum hjá heilbrigðisstofnunum, skólum, vinnustöðum, félagsþjónustu og löggæslu í kjölfar sjálfsvígs. Þetta er stórt verkefni sem skiptir miklu máli fyrir alla hlutaðeigandi.

Hér er hlekkur á norsku leiðbeiningarnar:

[https://www.helsedirektoratet.no/veiledere/ivaretakelse-av-etterlatte-ved-selvord/Erter%20selvordet%20%E2%80%93%20Veileder%20om%20ivaretakelse%20av%20etterlatte%20ved%20selvord.pdf/\\_attachment/inline/19d2ef7f-fd51-4f9b-83eb-a02d3b691a50:0ed69c301405f473659691591d3aa7cd2d3f0ab6/Erter%20selvordet%20%E2%80%93%20Veileder%20om%20ivaretakelse%20av%20etterlatte%20ved%20selvord.pdf](https://www.helsedirektoratet.no/veiledere/ivaretakelse-av-etterlatte-ved-selvord/Erter%20selvordet%20%E2%80%93%20Veileder%20om%20ivaretakelse%20av%20etterlatte%20ved%20selvord.pdf/_attachment/inline/19d2ef7f-fd51-4f9b-83eb-a02d3b691a50:0ed69c301405f473659691591d3aa7cd2d3f0ab6/Erter%20selvordet%20%E2%80%93%20Veileder%20om%20ivaretakelse%20av%20etterlatte%20ved%20selvord.pdf)

Margir kaflar í þessum leiðbeiningum hafa verið þýddir á íslensku en ekki alveg allir. Í sumum tilfellum var til íslenskt efni og annað átti ekki við. Skv. upplýsingum frá EL

stendur ekki til að birta þýðingarnar óbreyttar eða gefa þær út enda geti leiðbeiningarnar frá Noregi ekki staðið óbreyttar fyrir okkar samfélag en þær eru mjög góður grunnur. Nú er í vinnslu að kortleggja núverandi vinnulag í kjölfar sjálfsvígs, en slíkt er ekki samræmt fyrir landið. Þá þarf að bera norska vinnulagið og núverandi vinnulag undir viðeigandi hópa lögreglu, skóla, heilsugæsluna o.s.frv. og fá alla til að samþykkja hvernig verklagið á að vera. Þegar það er komið verða leiðbeiningarnar birtar á heimasíðu EL.

Hjá Reykjavíkurborg er unnið að því að uppfæra verkferla vegna viðbragða við alvarlegum atburðum á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Verkefnið er í höndum eins af þeim starfshópum sem Hákon Sigursteinsson stýrir í tengslum við farsældarlögin. Þar er meðal annars verið að skoða möguleika á því að áfallaviðbrögð borgarinnar verði aðgengilegri á innri vef borgarinnar og að skóla- og frístundasvið og velferðarsvið samræmi sig í viðbrögðum vegna áfalla og atvika sem upp geta komið í þeirra samstarfi. Þeir verkferlar sem nú er unnið eftir eru í [Öryggishandbók grunnskóla](#), [Öryggishandbók leikskóla](#) og frístundamiðstöðvar eiga Viðbragðsáætlun frístundamiðstöðva við alvarlegum atburðum. Auk þess eru starfsstaðir skóla- og frístundasviðs í hverfum borgarinnar í samstarfi við áfallateymi þjónustumiðstöðva og áfallaráð hverfanna.

### **Hver er staðan á innleiðingu þrepaskipts stuðnings í skólastarfi (multi-tiered systems of support) sem hluta af menntastefnu um skóla án aðgreiningar?**

Nýlega var fyrsta aðgerðaaætlun með nýrri menntastefnu ríkisins til 2030 kynnt þar sem fyrsta aðgerð snýr að innleiðingu þrepaskipts stuðnings í skólakerfinu sem hluta af heildstæðri skólaþjónustu ([www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/09/24/Fyrsta-adgerdaaetlun-nyrrar-menntastefnu-kynnt-/](http://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/09/24/Fyrsta-adgerdaaetlun-nyrrar-menntastefnu-kynnt-/)) en þrepaskipt stuðningskerfi var grundvallaratriði í tillögunum sem skilað var 2019. Meginviðfangsefni stýrihóps um geðrækt í skólum verður að kynna málið fyrir nýjum ráðherrum og tryggja að þessi vinna haldi áfram.

Í aðgerðaráætluninni kemur fram að innleiðing þrepaskipts stuðnings feli í sér endurskoðun starfshátta og stuðningsúrræða í skóla- og frístundastarfi þar sem aukin áhersla er lögð á þverfaglega samvinnu, snemmbæran stuðning, gagnreyndar aðferðir og hagnýtingu gagna til að styðja við farsæla skólagöngu allra nemenda og auka gæði menntakerfisins. Í Reykjavík er m.a. verið að vinna að þessu með verkefninu Betri borg fyrir börn sem miðar að því að færa þjónustu í auknum mæli í skóla- og frístundaumhverfi barna og unglinga, veita viðeigandi stuðning sem fyrst og þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í hverfum borgarinnar. Í verkefninu felst líka endurskoðun verklags og aukin áhersla á árangursmat sem er grundvöllur fyrir samtali um þrepaskiptan stuðning.

### **Hver er staða nýrrar Þekkingar- og þróunarmiðstöðvar áfalla-, ofbeldis- og sjálfsvígsforvarna?**

Samkvæmt upplýsingum frá EL hefur verið fundað með ábyrgðaraðilum (HRN, MRN) um möguleika á samvinnu þriggja ráðuneyta (HRN, FRN, MRN) og aðkomu að stofnun sameiginlegrar miðstöðvar. Minnisblað hefur verið sent til HRN og MRN frá EL til að leggja áherslu á áframhaldandi starfsemi sjálfsvígsforvarna og verkefni sem Miðstöð sjálfsvígsforvarna myndi hafa umsjón með. Frá 2018 hefur einn starfsmaður frá EL fylgt eftir aðgerðaráætluninni og í dag er sú staða tryggð tímabundið með fjármagni frá HRN til desember 2021. Vinna við aðgerðina hefur einnig falið í sér að komið hefur verið á tengslum við aðila hjá RVTS Nordt sem er fyrirmynd að þekkingar- og þróunarmiðstöðinni. Starfsemi þeirra skoðuð, m.a. með tilliti til fræðslustarfs þeirra. EL á inni boð um að koma í heimsókn til að kynna sér betur starfsemina og aðstöðuna.

### **Hver er staðan á tillögunni um að gera úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar?**

Samkvæmt upplýsingum frá EL eru þessar tillögur í farvegi og verið að vinna þær áfram í MRN.

### **Hver er staðan á tillögunni um að þróa og innleiða markvissar aðgerðir til að draga úr brotthvarfi úr námi í ljósi þess að brýnt er að skólakerfið sé byggt upp með þeim hætti að markvisst sé unnið frá upphafi skólagöngu að því að hindra brotthvarf úr námi?**

Samkvæmt upplýsingum frá EL hefur mikil vinna verið lögð í þessa aðgerð á COVID-19 tímum, sérstaklega meðal framhaldsskólanema. Minnisblöð hafa verið send frá EL til forsætisráðherra meðal annars um mikilvægi þess að huga að brotthvarfi úr námi og líðan ungmenna, mikilvægi þess að halda skólum opnum og efla stuðning til nema svo þeir treysti sér aftur í skólann eftir einangrun o.fl.